

Mánudaginn 4. mars 1985.

Nr. 133/1982. **Jón Ólafsson og**

Tímamót h/f

gegn

**Framkvæmdanefnd um byggingu leigu- og
söluíbúða í Neskaupstað**

Frestur. Frávísun. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 15. júní 1982 til þingfestingar í október. Er málið var tekið fyrir 1. þ.m., báðu áfrýjendur um, að því yrði frestað til aprílmánaðar. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafist ómaksbóta úr hendi áfrýjenda. Verður að skilja þá frestsynjun svo, að í henni felist krafa um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa fært fram þau rök fyrir frestbeiðni sinni, að þeir hyggist beiðast opinberrar rannsóknar og afla á þann hátt gagna um, að forráðamenn stefnda kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi í þeim viðskiptum, sem mál þetta er risið af.

Áfrýjendur hafa þegar haft svo ríflega fresti til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti og afla nýrra gagna, er þeir kunna að vilja leggja þar fram máli sínu til framdráttar, að ekki er unnt að fallast á frestbeiðni þeirra. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti og þeir dæmdir til að greiða stefnda 9.000,00 krónur í ómaksbætur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Jón Ólafsson og Tímamót h/f, greiði stefnda, Framkvæmdanefnd um byggingu leigu- og söluíbúða í Neskaupstað, 9.000,00 krónur í ómaksbætur fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.